

Kjarnastarfsemi

Hlutverk (um stofnunina eða verkefni hennar gilda ekki sérlög):

- Hlutverk Ríkiseigna er örugg og hagkvæm umsýsla jarða, annarra fasteigna og auðlinda sem stofnunin hefur umsjón með.

Framtíðarsýn:

- Að Ríkiseignir verði fyrsti kostur ríkisins þegar kemur að umsýslu fasteigna, jarðeigna og auðlinda.

Helstu verkefni:

- Almenn umsjón, fyrir hönd ríkissjóðs, með jörðum, öðrum fasteignum og auðlindum.
- Þjónusta við leigutaka, ábúendur og aðra samstarfs- eða hagsmunaaðila.
- Útleiga ríkishúsnæðis og innheimta húsaleigu fyrir afnotin.
- Endurleiga fasteigna sem stofnunin hefur leigt á almennum markaði.
- Umsjón með útleigu og ábúð á ríkisjörðum og innheimtu jarðarafgjalda.
- Viðhald og endurbætur á fasteignum, með það að markmiði að þær viðhaldi verð- og notagildi sínu sem og menningarlegum verðmætum.
- Rekstur fasteigna að því marki sem það er ekki á ábyrgð leigutaka.
- Halda greinargóðan gagnagrunn um jarðir, aðrar fasteignir og auðlindir í eigu ríkisins.
- Stuðla að hagkvæmri nýtingu eigna og auknum tekjum af þeim.
- Vinna að langtímaáætlun um jarðir, aðrar fasteignir og auðlindir varðandi framtíðareignarhald, nýtingu og mögulega hagræðingu.

Fyrirsjáanlegar breytingar:

- Lög um opinber fjármál (LOF) munu hafa veruleg áhrif á verkefni stofnunarinnar, verklag og umfang þegar þau verða komin til fullrar framkvæmdar.



Ríkiseignir stefnudrög 2019 - 2021

Markmið 1	Tengist markmiði málaflokks
Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.	5.2.2 Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Hlutfall leigusamninga sem taka mið af markaðs- og/eða kostnaðarleigu.	Fjöldi fasteignasamninga.	5%	5%	50%	100%	

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021
Útfæra verklag við innleiðingu markaðsleigu og við eignfærslu fasteigna (stofnefnahagur) sem eru í umsjón Ríkiseigna m.v. að framkvæmd geti hafist á árinu 2019. Unnið í samvinnu við FJR og FJS.	2016	Q4 2018	Fastur kostnaður.	-do-	-do-
Nýir samningar sendir stofnunum til staðfestingar.	2018	Q1 2019	Fastur kostnaður.		

Markmið 2	Tengist markmiði málaflokks
Bætt arðsemi og aukin hagkvæmni við nýtingu eigna og auðlinda ríkisins	5.2.3 Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Hlutfall auðlindasamninga í umsjá Ríkiseigna sem miðast við markaðsleigu.	Yfirlit í gagnagrunni um alla gilda auðlindasamninga.		Upphaf	10%	50%	75%
Fjöldi umsjónarsamninga um miðlæga umsýslu Ríkiseigna við ríkisaðila.	Yfirlit um ríkisaðila sem eru skráðir umráðendur fasteigna og jarða.	0	1	4	8	Lokið

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021
Þróun langtímaáætlunar um ráðstöfun eigna og auðlinda í ríkiseigu.	2018	Q4 2020			
Tilfærsla á miðlægrri umsýslu eigna til Ríkiseigna með gerð umsjónarsamninga við aðra ríkisaðila. Unnið í samstarfi við FJR.	2017	Q4 2020			
Úttekt á nýtingu skrifstofuhúsnæði ríkisins – m ² pr. stöðugildi. Unnið í samstarfi við FSR.	2018	Q2 2019			

Ríkiseignir stefnu­drög 2019 - 2021

Markmið 3	Tengist markmiði mála­flokks
Umsýslu fasteigna, jarðeigna og auðlinda verði á hendi Ríkiseigna ef frá er talið LHS og HÍ.	5.2.2 Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna. 5.3.1 Bæta áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Fasteignir og jarðir í umsjón Ríkiseigna sem hlutfall af eignasafni ríkisins.	Yfirlit um allar ríkiseignir.		50% Fasteigna 80% jarða	55% Fasteigna 82% jarða	60% Fasteigna 84% jarða	70% Fasteign 86% jarða

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021
Greining á eignasafni ríkisins m.t.t. hvar umráð liggja í dag.	2018	Q2 2019			
Könnun á viðhorfi notenda til þjónustu Ríkiseigna og til gæða þess húsnæðis sem þeir nýta.	2018	Q2 2019			
Úttekt á fasteignum eyðibýla til að stuðla að verndun menningarminja í samstarfi við Minjastofnun Íslands.	2018	Q4 2020			

2. Rekstrarþættir

Helstu áskoranir á komandi ári tengjast lögum um opinber fjármál (LOF) en innleiðing laganna mun móta reksturinn til næstu ára með auknu umfangi, breyttu verklagi og breyttum uppgjörsaðferðum. Öll stoðþjónusta stofnunarinnar þarf að styðja við þessar breytingar og þjóna kjarnastarfseminni. Til að standa undir þessu hlutverki verður annars vegar lögð áhersla á að búa áfram þannig að starfsfólki að stofnunin hafi á að skipa ánægðu, hæfu og framtakssömu starfsfólki og hins vegar að allir verkferlar séu skýrir, skráðir og eftir þeim farið.

Markmið 1

Verklag lúti reglum gæðakerfis.

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Útgefin gæðaskjöl í gæðakerfi á sviði bygginga. Hlutfall m.v. áætlun.	Gæðakerfi og gæðaáætlun.	95%	100%			
Útgefin gæðaskjöl í gæðakerfi á sviði lands og auðlinda. Hlutfall m.v. áætlun.	Gæðakerfi og gæðaáætlun.	0%	0%	100%		
Útgefin skjöl í gæðakerfi tengd mannauðsmálum, fjármálum og stoðþjónustu. Hlutfall m.v. áætlun.	Gæðakerfi og gæðaáætlun.	40%	40%	100%		

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021
Allar verklagsreglur sem tengjast sviði bygginga verði gefnar út í gæðakerfi.	2014	Q4 2018	Fastur kostnaður.		
Allar verklagsreglur sem tengjast sviði lands og auðlinda verði gefnar út í gæðakerfi.	2017	Q2 2019	Fastur kostnaður.		
Allar verklagsreglur sem tengjast mannauðsmálum, fjármálum og stoðþjónustu verði gefnar út í gæðakerfi.	2016	Q2 2019	Fastur kostnaður.		

Markmið 2

Almennt viðhald fasteigna byggi á þjónustusamningum.

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Hlutfall gerðra samninga á höfuðborgarsvæðinu miðað við áætlun.	Rammasamningur iðnaðarmanna nr. 15721 Áætlaður fjöldi þjónustusamninga.	40%	80%	100%		
Hlutfall gerðra samninga á landsbyggðinni miðað við áætlun.	Rammasamningur iðnaðarmanna nr. 15721. Áætlaður fjöldi þjónustusamninga.	0%	10%	100%		

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021
Þjónustusamningar á höfuðborgarsvæðinu boðnir út.	Q3 2016	Q1 2019			
Þjónustusamningar á landsbyggðinni boðnir út.	Q1 2018	Q3 2019			

Markmið 3

Bæta yfirsýn við meðferð eigna og rekstur stofnunar

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Hlutfall jarða í umsjá Ríkiseigna flokkaðar eftir skilgreindum eigindum.	Fjöldi ríkisjarða í umsjón Ríkiseigna eru alls 315. Hlutfall jarða sem skráðar eru í gagnagrunn.		10%	33%	66%	100%
Hlutfall auðlinda í umsjá Ríkiseigna skráðar í gagnagrunn.	Fjöldi auðlinda sem skilgreindar hafa verið og skráðar í gagnagrunn.		5%	30%	60%	100%
Tölfræðiupplýsingar og árangursmælikvarðar sem lýsandi eru fyrir starfsemina verði í aðgengilegu formi.	Tiltæk gögn til opinberrar birtingar. Tiltæk gögn sem innra stjórn­­tæki.		25%	50%	100%	

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021
Skilgreindar verða grunnupplýsingar og eigindir fyrir jarðeignir, jarðlægar auðlindir og verðmæt gæði í umsjón Ríkiseigna og skráð í gagnagrunn.	2017	Q4 2020			
Mælikvarðar verði ákvarðaðir þannig að þeir varpi ljósi á starfsemina frá mismunandi sjónarhorni, s.s. fjármagni, aðföngum, vinnuferlum, afköstum og árangri.	2018	Q4 2019			